

L Ö G

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa Köfunarstöðinni hf.,
Dýpkunarfélaginu hf., Slysavarnafélagi Íslands og Íslenska úthafs-
útgerðarfélaginu hf. innflutning á skipum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að leyfa Köfunarstöðinni hf. innflutning á flotpramma þó eldri sé en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

2. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að leyfa Dýpkunarfélaginu hf. innflutning á dýpkunarpramma þó eldri sé en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

3. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að leyfa Slysavarnafélagi Íslands innflutning á björgunarskipi þó eldra sé en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

4. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að leyfa Íslenska úthafsútgerðarfélaginu hf. innflutning á fiskiskipi/verksmiðjumóðurskipi þó eldra sé en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

Samgönguráðherra skal jafnframt heimilt að veita Íslenska úthafsútgerðarfélaginu hf. undanþágu frá ákvæðum 1. gr. laga nr. 115/1985, um skráningu skipa, vegna íslenskrar skáningar á tveimur fiskiskipum/verksmiðjumóðurskipum sem félagið tekur á leigu.

Skipum, sem skráð verða samkvæmt heimild í 1. og 2. mgr., er óheimilt að stunda fiskveiðar eða vinnslu sjávarafla í íslenskri fiskveiðilögsögu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur J. Sigfússon.